

L Ö G

um

44
20. júní

breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Nú verða gjöld sýslufjelags eða bæjar eftir þessari grein á einhverju ári meiri en svarar 2,00 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu, og endurgreiðist þá mismunurinn úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.